

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Helguvík Helguvík



<b>Dags eftirlits</b>	11.11.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan Helguvík	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Heimili</b>	Stakksbraut 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eggert Einarsson/Gunnar Sverrisson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	326111,902 396024,62

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Lítill vinnsla var í verksmiðjunni árið 2014. Gerðar eru tvær athugasemdir þar sem ekki hefur verið tilkynnt hvenær mælingar á útblæstri fara fram og gert er grein fyrir kvörtun vegna ólyktar frá verksmiðjunni. Engin frávik voru staðfest.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var tvíþætt, haldinn var fundur og að honum loknum var verksmiðjan skoðuð. Farið var yfir helstu hráefnisaðföng, síðustu eftirlitsskýrslu, mengunarvarnir, mælingar og nokkra þætti nýs starfsleyfis (gefið út 31.1.2014). Gert er ráð fyrir mælingu á útblásturshraða og útblæstri frá olíubrennurum við fyrsta tækifæri á nýju ári, og því óskað framlengingar frests en skv. starfsleyfi átti að framkvæma mælingarnar fyrir 1. jan. 2015. Rekstraraðili skilaði áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í sept. sl. Síðustu niðurstöður TVN mælinga (sept-des.14) bárust 22.janúar sl. Vinnsla var með minna móti árið 2014.

Að fundi loknum var verksmiðjan og athafnasvæðið skoðað. Vinnsla var ekki í gangi og var snyrtilegt um að litast.

## ATHUGASEMDIR

Kvörtun barst frá nágretta bræðslunnar 14.11.14 vegna ólyktar og var rekstraraðili inntur eftir ástæðum þessa. TVN gildi reyndist í lagi og mengunarvarnarbúnaður í gangi. Rekstraraðili taldi að vindátt yrði hagstæð næstu daga. Ekki bárust fleiri kvartanir vegna ólyktar eftir þetta.

Í eftirlitinu var farið fram á upplýsingar um nákvæma dags. á mælingum á útblæstri en þær hafa ekki borist. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um hvenær verður mælt og hvenær búast megi við að niðurstöður berist.

## ANNAÐ

Unnið er eftir áætlun að úrbótum á fráveitu, sjá frávik í síðustu eftirlitsskýrslu dags. 26.9.2013

Reykjavík, 06.03.2015

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.